

## **Forkastanleg vinnubrögð utanríkisráðherra og utanríkisráðuneytis í ESB-málinu**

Vinnubrögð utanríkisráðherra og ráðuneytis hans við meðferð ESB-málsins eru forkastanleg, sagði Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, á fundi sjálfstæðismanna í Kópavogi að morgni laugardags 24. október, en Björn ræddi stöðuna í aðildarviðræðunum í framsöguræðu og svaraði síðan fjölda fyrirspurna fundarmanna.

Björn vitnaði til þess, að í ályktun Alþingis frá 16. júlí væri setning um aðildarviðræður við Evrópusambandið (ESB) frá meirihluta utanríkismálanefndar, um að við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skyldi ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni, sem meirihlutinn kynnti í álitinu sínu. Í álitinu væri meðal annars tekið fram, að skipa skyldi samninganefnd og hópa til að halda utan um samningaviðræður, hver á sínu sviði, þar á meðal til að undirbúa svör við spurningum sambandsins.

Þetta hefur verið haft að engu, sagði Björn, hinn 22. október hefði utanríkisráðuneytið sent frá sér fréttatilkynningu um, að svörum Íslands hefði verið skilað. Enginn samninganefnd hefði hins vegar verið skipuð. Þá segði í sömu tilkynningu, að samráð hefði verið haft við Bændasamtök Íslands. Samtökin hefðu á hinn bóginn sent frá sér tilkynningu um, að utanríkisráðuneytið færi með rangt mál, því að ofsagt væri að Bændasamtök Íslands hefðu farið yfir svör landbúnaðarsviðs spurningalistans.

Í tilkynningu utanríkisráðuneytisins segði, að svörin við 2500 spurningum á 2600 blaðsíðum auk fylgiskjala, samtals 8870 síður, væru staðreyndalýsingar en lytu ekki að samningsmarkmiðum Íslands. Dró Björn í efa, að þetta væri rétt lýsing á efni skjalanna og vitnaði til dæmis til þess, sem segði um afstöðu Íslands til sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og varnarmálum, þar sem fram kæmi að Ísland myndi staðfastlega, að öllu leyti og á virkan hátt taka þátt í framkvæmd stefnunnar, eins og hún væri sett fram í stofnsáttmála ESB. Björn spurði: Er ekki verið að móta stefnu með þessu svari? Hver hefur mótað þá stefnu? Hvar hefur hún verið rædd?

Hann sagði, að ekki væri nóg með að utanríkisráðuneytið segði rangt frá því, hvernig að gerð svaranna væri staðið, efni þeirra væri einnig kynnt á rangan hátt í tilkynningu ráðuneytisins. Þá sagðist Björn vita, að aðstoðarmaður utanríkisráðherra hefði af þótta fundið að því við Bændasamtökin, að þau skýrðu frá hinu rétta í málinu, þegar þau mótmæltu frétt ráðuneytisins.

Björn vakti máls á því, að í Morgunblaðinu dags. 25. október væri viðtal við Aðalstein Árna Baldursson, formann stéttarfélagssins Framsýnar á Húsavík, sem ýtt hefði verið til hliðar innan Stafsgreinasambandsins. Aðalsteinn segðist hafa unnið sér það til óhelgis, að gera athugasemd við hinn gríðarlega heilapvott innan verkalýðshreyfingarinnar varðandi Evrópusambandið. Hann vildi skoða málið frá öllum hliðum, en forvígismenn hreyfingarinnar vildu keyra málið áfram án umræðu, enda vildu þeir Ísland nánast skilyrðislaust inn í sambandið.

Sagði Björn, að Samfylkingin, utanríkisráðherra og utanríkisráðuneytið færu einmitt fram á þann hátt, sem Aðalsteinn lýsti, eftir að grænt ljós var gefið á aðildarviðræður 16. júlí. Það væri pukrast með málið og það

unnið með hraði, án þess að textar væru þýddir á íslensku, síðan yrði sagt, að þjóðin stæði frammi fyrir orðnum hlut. Kannski yrði því bætt við, að óþarft yrði að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu, ósvífnnin væri á svo háu stigi og áhuginn svo yfirþyrmandi á að þröngva þjóðinni í Evrópusambandið, enda væri utanríkisráðuneytið greinilega gengið í ESB eins og forysta verkalýðshreyfingarinnar.